



3. Fundur byggðaráðs Blönduósþæjar fimmtudaginn 30. júlí 2014, kl. 16:00.

Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Jafnréttisnefndar frá 3. júlí 2014
- b) Fræðslunefndar frá 3. júlí 2014
- c) Menningar-, tómstunda- og íþróttanefndar frá 3. júlí 2014
- d) Landbúnaðarnefndar frá 13. júní 2014
- e) Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar frá 9. júlí 2014

2. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

a) Jafnréttisnefndar frá 3. júlí 2014

Fundargerðin er í 2 liðum. Fram kom athugasemd með að formaður nefndarinnar Páley Sonja Wium sé á J – lista en ekki L-lista eins og fram kemur í fundargerð sveitarstjórnar frá 19. júlí sl. Byggðaráð áréttar að Páley Sonja Wium sé fulltrúi J-lista. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum.

b) Fræðslunefndar frá 3. júlí 2014

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum.

c) Menningar-, tómstunda- og íþróttanefndar frá 3. júlí 2014

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum.



d) Landbúnaðarnefndar frá 13. júní 2014

Fundargerðin er í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum.

e) Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar frá 9. júlí 2014

Fundargerðin er í 9 liðum. Vegna 6 liðar í fundargerð Skipulag-, umhverfis og umferðarnefndar vill byggðaráð áréttta að fleiri mál þyrftu að ræðast sem snúa að auglýsingu um umferðarmál á Blönduósi og afgreiðast saman til hagræðingar. Má þar t.d. nefna breytingar á hámarkshraða, hraðahindranir og núverandi staðsetningu þeirra, gangbrautir og núverandi lega þeirra t.d. við bankann og fleiri mál. Byggðaráð skorar á nefndina að taka umferðarmálin til umfjöllunar í heild sinni áður en ráðist verður í auglýsingu og kynningar á breytingum, skiltakaup og uppsetningu þeirra.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum.

2. Önnur mál

a) Aðalgata (Sýslumannsbrekkan)

Byggðaráð fól sveitarstjóra að afla tilboðs í lagningu klæðningar í stað malbiks í Aðalgötu. Sveitarstjóri lagði fram tilboð sem barst frá Borgarverki í klæðningu á Aðalgötuna. Kostnaður við þessa leið er mun lægri heldur en sú leið sem lagt var upp með í byrjun og sveitarstjóra og yfirmanni tæknideildar falið að ganga til samninga við Borgarverk um verkið og sem unnið verður á næstu vikum.

Fundi slitið 18:10

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign)